

Ársskýrsla 2002



Ríkislögreglustjórnin





Ríkislögreglustjórinn

Ársskýrsla 2002

Rekstur og starfsemi



Útgefandi:
Ríkislögreglustjórinn
www.rls.is
www.logreglan.is
Ritstjóri:
Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn
Umsjón:
Rannveig Þórisdóttir, félagsfræðingur
Yfirmenn sviða hjá ríkislögreglustjóranum tóku
saman upplýsingar, hver um sitt svið
Hönnun:
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu ehf.
Ljósmynd á forsiðu:
Foto.is sf. Júlíus Sigurjónsson
Ljósmyndir:
Ragnar Axelsson,
Sverrir Vilhelmsson,
Foto.is sf. Júlíus Sigurjónsson,
myndasafn ríkislögreglustjórans
og lögreglustjórans í Reykjavík
Prentvinnsla:
Svansprent ehf.

Útgefið í júní 2003







Efnisyfirlit

Skipurit	4
Aðfaraorð ríkislögreglustjóra	6
Svið 1	9
Svið 2	17
Svið 3	31
Svið 4	35
Svið 5	43
Viðauki 1	49
Viðauki 2	54









Aðfaraorð
ríkislögreglustjóra

Eitt af því sem lögreglan þarf að leggja meiri áherslu á er að kynna almenningi störf sín og koma að almennri umræðu um lögregluna til að tryggja faglega og réttmæta umfjöllun um málefni hennar. Traust almennings til lögreglu er mikið og hefur aukist frá gildistöku lögreglulaga árið 1997. Miklu skiptir að tiltrú samfélagsins á lögreglunni sé með þeim hætti að borgarar leiti óhikað aðstoðar hennar og þjónustu. Ómálefnaleg umræða er til þess fallin að skaða lögregluna og hagsmuni hins almenna borgara. Ábyrgð stjórnámálanna og fjölmiðla er mikil í þessu sambandi.

Embætti ríkislögreglustjóra hefur fest sig í sessi og er leiðandi afl í hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi í starfsemi lögreglunnar. Verkefni sem falla undir embættið nýtast allri lögreglunni í landinu. Þannig hafa t.a.m. samræmdar afbrotavörðunir, afbrotatölfræði, fræðilegar rannsóknir og úttektir ýmisskonar verið auknar. Í þessum efnum hafa orðið miklar framfarir sem skapa ný tækifæri í baráttunni gegn afbrotum og til að bæta fagleg vinnubrögð lögreglu. Þá hefur starfsemi alþjóðaskrifstofu, fjarskiptamiðstöðvar, sersveitar, umferðardeildar og bílamiðstöðvar, sem embætti ríkislögreglustjóra starfrækir í þágu lögreglunnar í landinu, tekist vel.

Miklar umræður urðu á Alþingi um löggæslumál á árinu og gerði embættið heildarúttekt um þau efni sem dómsmálaráðherra studdist við í skýrslu sinni til Alþingis. Skýrslan varpar ljósi á stöðu lögreglunnar og uppbyggingu embættis ríkislögreglustjóra, leiðréttir misskilning um þróun löggæslumála og kostnað við rekstur embættisins. Skýrslan hefur þó ekki fengið þá opinberu umfjöllun sem æskilegt er.

Talsverð opinber umræða varð um ráðstafanir yfirvalda til að framfylgja öryggiskröfum vegna fundar utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins og samstarfsríkja þess og opinberrar heimsóknar forseta Kína. Ríkislögreglustjóra var falin ábyrgð á þessum stórverkefnum líkt og gert var vegna Kristnihátíðar á Þingvöllum árið 2000. Af sjónarhóli lögreglunnar tókst undirbúningur og skipulag með ágætum og var framkvæmd löggæslunnar hnökralaus og til fyrirmyndar. Lögreglan hlaut lof fyrir, bæði hér á landi og erlendis, en hún var einnig gagnrýnd eins og gengur.

Mikil fjölmiðlaumræða varð um nokkur sakamál sem voru til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans. Sætti embættið gagnrýni í svokölluðu málverkamáli og Baugsmáli. Í hinu síðarnefnda sakamáli var því haldið fram að viðskiptahagsmunum fyrirtækisins hefði verið stefnt í tvísýnu vegna húsleitar lögreglu. Fullyrt var að annarleg sjónarmið réðu aðgerðum embættisins. Opinber umræða um þátt lögreglu og dómstóla við rannsókn þessa sakamáls hefur einatt einkennst af órökstuddum tilbúningi. Þeir sem þekkja til réttarkerfis okkar vita að pólitísk afskipti af sakamálum þekkjast ekki. Lögreglan hlýtur að gera þær kröfur að henni sé haldið utan við ómálefnalega umræðu sem rekja má til stjórn málaátaka í landinu. Umræða af því tagi er til þess fallin að draga úr réttaröryggiskennd borgaranna og tiltrú lögreglumanna sjálfra á hlutverk sitt í réttarkerfinu. Lögreglan á að vera yfir slíka umræðu hafin og um störf hennar þarf að ríkja friður. En það verður jafnframt að gera kröfur til lögreglunnar sjálfrar. Starfsmenn lögreglu verða að stuðla að einingu innan lögreglunnar og jákvæðri umfjöllun um starfsemi hennar og embætti.

Ég vil fyrir hönd lögreglunnar í landinu þakka fyrrverandi dómsmálaráðherra, Sólveigu Pétursdóttur, framlag hennar til lögreglunnar og óska nýjum dómsmálaráðherra, Birni Bjarnasyni, velfarnaðar í starfi.

Maí 2003

Haraldur Johannessen,
ríkislögreglustjóri.





SVIÐ 1

Rekstur embættis ríkislögreglustjórans

Samhliða fjölgun starfsmanna hjá embætti ríkislögreglustjórans hefur rekstrar-kostnaður vaxið. Þannig var heildarrekstrarkostnaður rúmlega 216 milljónir árið 1998 en tæplega 692 milljónir árið 2002. Eins og fram kemur í töflu 1 hefur launakostnaður vaxið á tímabilinu, einkum á árunum 2001 og 2002, enda koma þar inn í launahækkarnir lögreglumanna auk 6,4 milljóna króna launa-kostnaðar sem féll á ríkislögreglustjórnann vegna NATO-fundarins.

Kostnaður vegna eignakaupa óx einnig á síðasta ári, m.a. vegna tækjakaupa fyrir NATO-fundinn.

Tafla 1. Rekstrarkostnaður vegna embættis ríkislögreglustjóra frá 1998 til 2002

Gjaldaliðir (allar tölur í þúsundum króna)	1998	1999	2000	2001	2002
Laun	150.192	216.529	277.332	328.734	418.182
Ferðir og fundir	12.688	30.375	41.974	45.398	51.827
Rekstrarvörur	6.570	10.942	15.943	15.929	26.691
Aðkeypt þjónusta	31.866	55.105	81.159	86.473	91.128
Húsnæði	6.132	24.514	52.364	32.490	43.307
Bifreiðar og vélar	2.867	354	156	81	14.672
Vextir, bætur, skattar	104	483	511	590	256
Eignakaup	6.050	5.384	59.991	23.416	44.721
Tilfærslur	0	512	468	678	1.079
Rekstrarkostnaður alls	216.469	344.198	529.898	533.789	691.863
Sértekjur samtals	-116	-19.342	-54.051	-18.866	-30.417
Gjöld umfram sértekjur	216.353	324.856	475.847	514.923	661.446

Tafla 2. Sundurliðaður kostnaður vegna eignakaupa frá 1998 til 2002

Sundurliðun helstu liða					
(allar tölur í þúsundum króna)	1998	1999	2000	2001	2002
Húsgögn	2.005	386	15.603	2.439	8.012
Tölvubúnaður	2.530	1.746	3.675	7.626	3.138
Sjónvörp	135	0	55	170	297
Síma- og fjarskiptabúnaður	606	1.613	21.588	7.660	9.128
Skrifstofuvélar	0	0	650	0	1.402
Eldhús- og ræstingaráhöld	0	0	131	0	0
Önnur áhöld og tæki	774	1.639	18.289	5.521	22.744
Eignakaup samtals	6.050	5.384	59.991	23.416	44.721



Alþjóðadeild

Fundasókn vegna alþjóðlegrar lögreglusamvinnu hefur aukist verulega á undanförunum árum, fyrst og fremst vegna þátttöku Íslands í lögreglusamstarfi innan ESB (Schengen og Europol). Þá hefur formennska í PTN leitt af sér aukna fundasókn.

Interpol

Samskipti á fjarskiptaneti Interpol voru mjög mikil á síðasta ári líkt og árin þar á undan. Unnið hefur verið að endurnýjun á fjarskiptanetinu og standa vonir til þess að nýtt og fullkomnara net, sem byggist á Internetsambandi, verði tekið í notkun á fyrri hluta árs 2003. Með tilkomu fjarskiptanetsins, sem fengið hefur vinnuheimilið I-24/7, er opnað fyrir þann möguleika að veita öllum lögreglumönnum leitaraðgang í gagnabanka Interpol.

Sífelld er unnið að skipulagsbreytingum stofnunarinnar með það að markmiði að gera samstarfið auðveldara og skilvirkara. Á árinu tók Interpol upp aukið samstarf við Europol og liggur fyrir að stofnanirnar munu skiptast á sambandsmönnum.

Europol

Samstarf við Europol jókst á árinu, einkum eftir að komið var á beinlínusambandi við stofnunina. Fyrirspurnum frá aðildarlöndum hefur fjölgað og einnig hefur upplýsingastreymi, m.a. varðandi fíkniefnamál, aukist. Öll löndin sem sótt hafa um aðild að ESB hafa nú fengið áheyrnaraðild að fundum Europol og hafa þau sent sambandsmenn til aðalstöðvanna. Ísland er eina landið með aðild að Europol sem ekki hefur sambandsmann þar. Fyrirséð er mikil fjölgun starfsmanna hjá stofnuninni á næstu árum og verður væntanlega ráðist í byggingu yfir starfseminu á næstunni.

Schengen/Sirene

Segja má að vinna vegna Schengen-samstarfsins sé komin í fastar skorður en með tilkomu þess árið 2001 jókst málafjöldi alþjóðadeildar mjög. Vel hefur tekist til við að samræma vinnubrögð varðandi mál sem skráð eru í Schengen-upplýsingakerfið (Schengen Information System–SIS) og eru byrjunarörðugleikar að baki.

Á árinu tók Sirene-skrifstofan í notkun svonefnt SIRPIT-kerfi til að senda fingraför og myndir af brotamönnum milli Sirene-skrifstofa.

PTN

Vararíkislögreglustjóri fer með formennsku í norrænum samtökum tolls og lögreglu. Í starfinu felst umsjón með samstarfinu hvað varðar skipulag og stjórn funda, ritun fundargerða, skjalavörslu o.fl. Undir formennsku Íslands hefur verið unnið að endurskoðun á PTN-samstarfinu, m.a. með það í huga að gera starfið skilvirkara. Í því sambandi má nefna endurskoðun á átaksverkefnum í fíkniefnamálum þar sem meiri áhersla verður lögð á að upplýsa um þá sem skipuleggja innflutning fíkniefna.

Á árinu 2002 var unnið að endurskoðun á samstarfssamningi lögreglu á Norðurlöndum og var hann undirritaður á árlegum fundi ríkislögreglustjóra í september 2002. Vararíkislögreglustjóri og lögreglustjórinn í Reykjavík voru fulltrúar Íslands í þessu starfi.

Baltic Sea Task Force

Undir formennsku Dana hefur samstarf Norðurlanda og Eystrasaltslanda aukist, m.a. hvað varðar vinnu gegn ólöglegum innflutningi á fólki. Ísland á fulltrúa á aðalfundum samstarfsins en tekur annars takmarkaðan þátt í því.


Eftirlit með útlendingum

Upplýsingaöflun vegna hælisleitenda er vaxandi þáttur í starfsemi alþjóðadeildar. Þá hafa starfsmenn deildarinnar veitt lögreglustjórum aðstoð vegna slíkra mála. Þannig fóru starfsmenn til að mynda í nokkur skipti til Seyðisfjarðar til að aðstoða við eftirlit við komu farþegaskipsins Norrænu og skilaði það góðum árangri.


Brottvísanir hælisleitenda og útlendinga, sem hafa verið dæmdir hér á landi, og ferðir þar sem framseldir einstaklingar eru sóttir, eru einnig vaxandi þáttur í starfsemi alþjóðadeildar. Þannig kom alþjóðadeild að 35 ferðum þar sem útlendingar voru aðstoðaðir við að komast af landi brott, þeim hafði verið vísað brott frá Íslandi eða flytja þurfti framselda menn til landsins. Árið 2001 voru þessar ferðir 17 og 12 árið 2000. Eins og fram kemur á mynd 1 þá fjölgaði ekki bara ferðum á tímabilinu heldur voru að jafnaði fleiri fluttir í hverri ferð árið 2002 samanborið við árin á undan.

Þessi fjölgun ferða og einstaklinga hefur haft verulega kostnaðaraukningu í för með sér. Eins og sjá má á mynd 2 var heildarkostnaður vegna ferða kr. 4.347.032 árið 2000 en kr. 10.897.811 árið 2002 sem er aukning um 151%.

Á árinu var unnið að nýrri löggjöf um útlendinga sem tekur gildi 1. janúar 2003. Starfsmenn alþjóðadeildar voru þátttakendur í vinnuhópi á vegum dómsmálaráðuneytisins vegna nýrrar reglugerðar sem tekur gildi með þessum lögum.



Mynd 1. Fjöldi ferða og fjöldi einstaklinga sem fluttir voru til eða frá Íslandi á árunum 2000 til 2002



Mynd 2. Kostnaður vegna aðstoðar og flutnings útlendinga af landi brott og til Íslands á árunum 2000 til 2002



Athyglisverð mál í alþjóðadeild

Þann 24. febrúar 2002 var ungur lettneskur maður framseldur frá Íslandi til Lettlands en hann hafði verið handtekinn á Dalvík að beiðni Interpol Riga síðla árs 2001. Mikill viðbúnaður var vegna flutningsins enda maðurinn þá grunaður um þrjú hrottafengin morð. Nokkru eftir framsalið bárust upplýsingar frá Interpol Riga um að hann hefði játað tvö morð til viðbótar eða alls fimm morð.

Í lok janúar var fertug íslensk kona handtekin í Faro í Portúgal. Handtakan var gerð að beiðni alþjóðadeildar ríkislögreglustjórans og unnin í samvinnu landsskrifstofa Interpol í Reykjavík og Lissabon. Konan hafði verið dæmd til 15 mánaða fangelsisrefsingar í Héraðsdómi Reykjavíkur í júní 1997 fyrir fjársvik, skjalafals og misneytingu. Hún mætti ekki til afplánunar og hvarf af landi brott. Hún hafði verið eftirlýst fyrir íslensk yfirvöld um alllangt skeið er hún fannst í Portúgal. Framsalið frá Portúgal gekk greiðlega fyrir sig og sóttu lögreglumenn úr alþjóðadeild konuna í byrjun febrúar og fluttu til Íslands til afplánunar dómsins.

Í nóvember 2001 gaf ríkissaksóknari út framsalsbeiðni á hendur manni á þrítugsaldri, sem bæði hefur íslenskt og þýskt ríkisfang. Lögreglan á Íslandi hafði leitað mannsins frá árinu 2000 vegna þriggja ákæra fyrir fíkniefnabrot. Hann var í framhaldi skráður sem eftirlýstur af Interpol í Reykjavík og síðan í Schengen-upplýsingakerfið. Lögreglan í Þýskalandi brást skjótt við og handtók manninn en slepti honum vegna þýsks ríkisborgararéttar enda aðeins í undantekningartilfellum að lönd framselji eigin ríkisborgara.

Með góðri samvinnu fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, alþjóðadeildar ríkislögreglustjórans og lögreglu í Hollandi var maðurinn handtekinn aftur í Amsterdam. Hann sat í gæsluvarðhaldi í Hollandi á meðan þarlend yfirvöld lögðu mat á framsalsbeiðni íslenska dómsmálaráðuneytisins og kærur mannsins til dómstóla. Við árslok 2002 lá fyrir endanleg niðurstaða ytra um að maðurinn skyldi framseldur til Íslands og sóttu lögreglumenn úr fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík hann til Hollands.

Þessi þrjú dæmi, og fjöldamörg önnur, sýna ótvírætt kosti þess fyrirkomulags að hafa öll formleg alþjóðleg lögreglusamskipti á einni skrifstofu, eins og er hjá alþjóðadeild ríkislögreglustjórans. Þannig geta starfsmenn nýtt þær samskiptaleiðir og alþjóðastofnanir sem best reynast í hverju tilfalli fyrir sig. Sífelld fleiri Evrópuríki eru að fara sömu leið og alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL, mælir með þessu við aðildarríki sín.

Skipting verkefna alþjóðadeildar

Í töflu 3 sést fjöldi verkefna alþjóðadeildar árið 2002 samanborið við árið á undan. Sjá má að verkefnum hefur fjölgað verulega milli ára eða úr 628 árið 2001 í 1.351 árið 2002. Þessi aukning er einkum tilkomin vegna fjölgunar Interpol-, Europol- og PTN-mála.

Tafla 3. Skipting verkefna alþjóðadeildar 2001 og 2002

	2002	2001
Interpol	784	321 ¹⁾
Schengen	169	90 ²⁾
PTN	171	125
Baltcom	3	5
Europol	122	8
Hælisleitendur / brottvísanir	73	60 ³⁾
Annað	29	19
Alls	1.351	628

1) Liðurinn fíkniefnamál í ársskýrslu fyrir árið 2001 hefur verið felldur hér undir, alls 12 mál.

2) Mál sem skráð voru undir Círefi-mál í ársskýrslu fyrir árið 2001 hafa verið felld hér undir, alls 53 mál.

3) Var skráð undir útlendingamál í ársskýrslu fyrir árið 2001, hér hefur málaflóknum verið gefið nýtt heiti.

Auk þessara viðfangsefna þá vann Sireneskrifstofa alþjóðadeildar að 7.907 málum sem skráð voru í SIS-kerfið. Stærsti hluti málanna, eða 5.463, var vegna 95.–99. greina samningsins. Af þeim voru langflest mál samkvæmt 95. gr. sem varða eftirlýsta einstaklinga á Schengen-svæðinu sem óskað er eftir að verði handteknir og framseldir. Þá voru 858 mál skráð inn af Sirene-skrifstofunni og 123 mál féllu undir skyldu lögregluyfirvalda til að veita gagnkvæma aðstoð við að fyrirbyggja og upplýsa refsiverða verknaði. Einnig voru skoðaðir áhafnar- og farþegalistar 1.436 skipa á árinu og þeir bornir saman við SIS-kerfið líkt og krafist er af öllum aðildarríkjum Schengen.





SVIÐ 2

Öryggismál

Miklar annir voru hjá lögreglu vegna opinberra heimsókna og einkaheimsókna erlendra fyrirmenna árið 2002. Umfangsmestu viðfangsefnin voru NATO-fundurinn og heimsókn forseta Kína. Í töflu 4 má sjá yfirlit yfir heimsóknir árið 2002. Þar kemur fram að lögreglan tók þátt í fylgd og öryggisgæslu vegna 30 heimsókna og eins fundar.

Tafla 4. Fjöldi heimsókna til Íslands árið 2002 þar sem ríkislögreglustjórinn kom að skipulagningu og öryggisgæslu

Mánuður	Nafn og titill	Fjöldi fylgdarmanna
Jan.	Lezek Miller, forsætisráðherra Póllands	6
Feb.	Shi Guangsheng, ráðherra utanríkisviðskipta í Kína	13
Mar.	Zeman, forsætisráðherra Tékklands	4
Apr.	Birgitta Dahl, forseti sænska þingsins	5
	Eduard Kukan, utanríkisráðherra Slóvakíu	4
	Jozef Miga, forseti þings Slóvakíu	2
Maí	Varaforseti rússnesku dómunnar	7
	NATO-fundur	
	Willem Alexander, Hollandsprins	4
	María Brizuela De Avila, utanríkisráðherra El Salvador	4
	Anatolyi Zlenke, utanríkisráðherra Úkraínu	5
Jún.	Andris Bérzins, forsætisráðherra Lettlands	8
	Jiang Zemin, forseti Kína	86
	Rudolf Schuster, forseti Slóvakíu	5
	Victor Cheresov, fulltrúi forseta Rússlands í St. Pétursborg	8
	Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu	24
Júl.	Anna Bretaprinsessa	4
	Janez Drnovsek, forsætisráðherra Slóveníu	14

Ágú.	Vaira Vike Freiberg, forseti Lettlands	24
	Peter Milliken, forseti kanadíska þingsins	5
Sep.	Liora Herzl, sendiherra Ísraels	3
	Pier Ferdinando Cassini, forseti ítalska þingsins	15
	Rary O'Hanlon, forseti írska þingsins	8
	Georgi Parvanov, forseti Búlgaríu	30
	Ísraelska U17 landsliðið í knattspyrnu	32
	Tommy Thompson, heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna	6
	Phan Van Klai, forsætisráðherra Víetnam	70
	Dlamnini Zuma, utanríkisráðherra Suður-Afríku	5
	Sung-hong Chloi, utanríkisráðherra Suður-Kóreu	3
Nóv.	Wang Zhangyu, framkvæmdastjóri ríkisráðs Kína	20
Des.	Adrian Nastaze, forsætisráðherra Rúmeníu	51

Utanríkisráðherrafundur NATO í maí

Undirbúningur vegna NATO-fundarins hófst í júní 2001 og var vinnu fram haldið í vinnuhópum skv. áætlun sem ríkislögreglustjórinn lagði fram. Í vinnuhópunum voru fulltrúar frá ríkislögreglustjóranum, Lögregluskóla ríkisins, lögreglunni í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík, Keflavíkurflugvelli og Selfossi.

Námskeið vegna þjálfunar lögreglumanna á sviði lífvarðagæslu og mannfjöldastjórnunar hófust í febrúar í umsjón Lögregluskóla ríkisins og sérsveitar ríkislögreglustjórans. Tvö námskeið voru haldin í lífvarðagæslu. Hvert námskeið stóð í fjóra daga og luku samtals 40 lögreglumenn þeim. Þá voru haldin þrjú námskeið í mannfjöldastjórnun. Hvert þeirra stóð í fimm daga. Samtals 97 lögreglumenn luku námskeiðunum.

Þá gaf ríkislögreglustjórinn út verklagsreglur og leiðbeiningar, annars vegar um mannfjöldastjórnun og óeirðalöggæslu og hins vegar um lögregluaðgerðir og öryggisgæslu vegna opinberra heimsókna og annarra samsvarandi viðfangsefna.

Skipulag ríkislögreglustjórans á lög- og öryggisgæslu vegna utanríkisráðherrafundar NATO 14. og 15. maí 2002 var lagt fram þann 24. apríl. Markmið lögregluaðgerða skv. skipulaginu var að tryggja öryggismál vegna fundarins og koma í veg fyrir eða takmarka röskun á fundarhöldum vegna óspekta, ofbeldisfullra



mótmælaaðgerða eða annarra slíkra atburða. Engar sérstakar upptækur urðu vegna fundarins og þau mótmæli sem beindust gegn fundinum voru friðsamleg.

Vegna fundarins komu hingað til lands 18 utanríkisráðherrar NATO-þjóðanna, 27 utanríkisráðherrar samstarfsríkja NATO auk fylgdarliðs. Einnig sóttu fundinn framkvæmdastjóri NATO, utanríkismálastjóri ESB og háttsettir herforingjar og fastastarfslíð á vegum NATO. Um 750 erlendir gestir komu að fundinum auk fjölmargra tæknimanna og erlendra fréttamanna.

Segja má að undirbúningsvinna og löggæsla vegna NATO-fundarins sé umfangsmesta aðgerð sem lögreglan hefur komið að. Mikil vinna var lögð í undirbúning og skipulag og þegar mest lét komu 345 lögreglumenn að vinnu vegna fundarins.



Heimsókn forseta Kína

Dagana 13. til 16. júní kom Jiang Zemin, forseti Kína, í opinbera heimsókn til Íslands. Í för með honum var varaforsetisráðherra Kína, fjölmargir ráðherrar og fjölmennt fylgdarlið, samtals 86 manns. Auk þess fylgdu honum 50 sjónvarps- og blaðamenn.

Viðbúnaður lögreglunnar vegna opinberrar heimsóknar hingað til lands hefur aldrei verið viðlíka og við þessa heimsókn. Kom þar margt til. Fyrirséð var að stór hópur fylgismanna Falun Gong hreyfingarinnar kæmi hingað til lands í þeim tilgangi að trufla heimsóknina. Af þessum sökum gerðu kínversk stjórnvöld miklar kröfur um öryggi forsetans hér á landi, á viðkomustöðum hans og gististað.

Ríkislögreglustjórinn hafði yfirumsjón með undirbúningi og framkvæmd löggæslu vegna heimsóknarinnar. Lögreglustjórarnir í Reykjavík, Hafnarfirði, Selfossi og á Keflavíkurflugvelli fóru með stjórn lögregluaðgerða í sínum umdæmum vegna dagskrárliða sem þar fóru fram. Þá annaðist lögreglustjórinn í Reykjavík umferðarfylgdir vegna heimsóknarinnar og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli sá um aukið landamæraeftirlit í Leifsstöð og gæslu á flugvél forsetans. Auk þess sem sérveit ríkislögreglustjórans sá um vopnaða lífvarðagæslu og hélt úti vopnaðri viðbragðssveit.

Vegna umfangs verkefnisins lögðu lögreglan í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík, Keflavíkurflugvelli, Selfossi, Akureyri, ríkislögreglustjórinn og Lögreglu-skóli ríkisins til lögreglumenn sem unnu að verkefninu á öllum stigum þess.

Sérsvéitin

Viðfangsefni sérsvéitarinnar voru fjölmörg á árinu. Öryggisgæsluverkefni voru 32 auk þess sem vakthafandi sérsvéitarmenn voru kallaðir út 63 sinnum, þar af fjórum sinnum ásamt samningahópi. Einstök fræðsluverkefni voru 14. Sprengjusérfræðingar sérsvéitarinnar sinntu nokkrum verkefnum vegna sprengjuhótana og öryggisleitar vegna opinberra heimsóknna. Samtals sinnti sérsvéitin 118 sérverkefnum á árinu.



Námskeið, fundir og fræðslustörf

Þjálfun sérsvéitarinnar á árinu tók mið af því hlutverki sem henni var ætlað að sinna í tengslum við NATO-fundinn í maí. Fyrri hluta ársins var lögð áhersla á þjálfun í lífvarðagæslu og viðbrögðum og aðgerðum gegn hryðjuverkaárásum sem beinst gætu að NATO-fundinum. Að öðru leyti var þjálfun sveitarinnar með hefðbundnum hætti. Haldin voru fjögur vikunámskeið auk fjölmargra einstakra æfinga. Á árinu luku tveir sérsvéitarmenn kafaranámskeiði með B-réttindum atvinnukafara.

Dagana 18. og 19. apríl var haldinn hér á landi fundur yfirmanna sérsvéita á Norðurlöndum. Um er að ræða árlegan fund sem sérsvéit ríkislögreglustjórans sá um að skipuleggja að þessu sinni. Auk yfirmanna sérsvéitar ríkislögreglustjórans sóttu fundinn yfirmenn sérsvéitanna í Noregi (Delta), Danmörku (AKS), Svíþjóð (NI) og Finnlandi (Karhu).

Alþjóðleg lögreglustörf

Störf íslenskra lögreglumanna við friðargæslu í Balkanlöndum voru með sama sniði og fyrri ár. Að jafnaði starfa tveir lögreglumenn í hvoru landi, Bosníu og Hersegóvínu og Kosovó. Sú breyting varð á tilhögun friðargæslu í Bosníu og Hersegóvínu að umboð Sameinuðu þjóðanna til að annast friðargæslu þar rann út um áramótin 2002/2003, þar með talið umboðið frá 1995 til að starfrækja í landinu fjölþjóðlega lögreglusveit. Aðstoð við landið verður ekki hætt því Evrópusambandið yfirtók meginhluta starfsemi Sameinuðu þjóðanna. Íslensk stjórnvöld ákváðu þátttöku í verkefninu og verða áfram tveir íslenskir lögreglumenn starfandi í landinu. Þessi breyting felur í sér að íslenskir lögreglumenn í Bosníu og Hersegóvínu eru nú sjálfstæð liðsheild en voru áður hluti af danska friðargæsluliðinu.

Auk þeirra tveggja íslensku lögreglumanna sem að jafnaði eru við störf í Kosovó starfaði þar lögreglumaður úr sersveit ríkislögreglustjórans frá 28. nóvember 2001. Lögreglumaðurinn, Ásgeir Ásgeirsson, lauk dvöl sinni í Kosovó 28. nóvember 2002. Ásgeir var í lok dvalarinnar æðsti stjórnandi allra sersveita friðargæsluliðsins UNMIK. Hann heyrði beint undir lögreglustjóra Kosovó og hafði undir sinni stjórn 1.200 manns frá 47 löndum. Verkefni þessa liðs var m.a. að

annast leit að hættulegum brotamennum og handtöku þeirra, vernd og fylgd fyrimenna og annarra, sem taldir voru í sérstakri aðsteðjandi hættu, og alla gæslu í lofthelgi Kosovó. Þá sá Ásgeir um að velja liðsmenn sersveita staðarlögreglu, búnað hennar og annast þjálfun.

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri og Jón Bjartmarz yfirlögregluþjónn, sviðsstjóri sviðs 2, heim sóttu Kosovó í nóvembermánuði og voru viðstaddir hátíðarsamkomu í tilefni orðuveitinga Sameinuðu þjóðanna til liðsmanna friðargæsluliðsins.





Unnin mynd

Umferðarmál

Árið 2002 var fjórða starfsár umferðardeildar ríkislögreglustjórans og var starfsmannafjöldi óbreyttur frá fyrra ári. Tekin var í notkun sérútbúin merkt lög-reglubífreidd á árinu og hefur deildin nú yfir fjórum ökutækjum að ráða. Bífreiddin er útbúin með hljóð- og upptökubúnaði til að afla sönnunargagna um umferð-arlagabrot. Búnaðurinn kemur sérstaklega að góðum notum við hraðamælingar.

Líkt og fyrra ár voru farnar eftirlitsferðir um landið í samráði og samstarfi við lögregluembættin. Lögð var áhersla á tímabilið frá maí til október þegar umferð er sem mest en eftirlitið náði hámarki um verslunarmannahelgina.

Þann 1. nóvember varð sú breyting á skipulagi deildarinnar að daglegur rekstur var fluttur til lögreglustjórans í Kópavogi. Er hér um tilraunaverkefni að ræða til 1. júní 2003. Yfirstjórn deildarinnar er óbreytt og heyrir undir yfirlög-regluþjón á sviði 2 en daglegur rekstur heyrir undir yfirlög-regluþjón hjá lög-reglunni í Kópavogi. Hlutverk deildarinnar er að halda uppi umferðareftirliti, eins og verið hefur, en leggja áherslu á þéttbýliskjarnana á höfuðborgarsvæðinu.

Eins og sjá má í töflu 5 voru 5.539 brot og verkefni skráð á deildina á árinu. Flest brot snéru að of hröðum akstri eða 3.826, sem er nokkur aukning frá árinu á undan er 2.530 hraðakstursbrot voru skráð á deildina. Þegar fjöldi brota og verkefna sem skráð voru á umferðardeildina er skoðaður eftir umdæmum vekur athygli að flest áttu sér stað í Reykjavík, 1.197 brot og í Borgarnesi, 1.096 brot.

Tafla 5. Fjöldi verkefna starfsmanna umferðardeildar árið 2002 eftir umdæmum

	Of hraður akstur	Ökusk. ekki meðferðis	Önnur umferðarl. brot	Önnur brot og verkefni	Alls
Akranes	20	1	10	6	37
Akureyri	196	13	68	2	279
Blönduós	90	10	22	7	129
Bolungarvík	0	0	1	2	3
Borgarnes	920	35	121	20	1.096
Búðardalur	3	0	12	0	15
Eskifjörður	11	2	22	5	40
Hafnarfjörður	83	13	187	56	339
Hólmavík	46	0	10	1	57
Húsavík	51	3	26	4	84
Hvolsvöllur	152	15	55	4	226
Höfn	52	1	8	3	64
Ísafjörður	3	0	9	11	23
Keflavík	206	18	47	7	278
Keflavíkurflugvöllur	0	0	2	0	2
Kópavogur	309	26	50	16	401
Ólafsfjörður	1	0	0	0	1
Patreksfjörður	0	0	6	3	9
Reykjavík	689	29	397	82	1.197
Sauðárkrókur	77	6	24	1	108
Selfoss	736	23	101	19	879
Seyðisfjörður	35	4	19	10	68
Siglufjörður	0	2	10	0	12
Snæfellsnes	74	7	23	2	106
Vík	72	4	10	0	86
Alls	3.826	212	1.240	261	5.539



SANT

Ríkislögreglustjórinn tekur þátt í samstarfi norrænna lögreglufirvalda um umferðarmál; SANT (Samarbetsorgan angående nordiska trafikfrågor). Á árinu voru haldnir tveir fundir þar sem málefni fyrra árs voru rædd og tekin fyrir þau mál sem skoða á sérstaklega árið 2003.

Áfengiseftirlits- og vopnalagamál

Áfengislög

Frá gildistöku áfengislaga nr. 75/1998 hefur ríkislögreglustjórinn annast útgáfu starfsleyfa til framleiðslu, innflutnings og heildsölu áfengis í atvinnuskyni. Fjöldi gildra leyfa er breytilegur, þar sem nokkuð er um að fyrirtæki reyni fyrir sér í áfengisinnflutningi en skili aftur inn leyfinu. Útgáfa leyfisbréfa og eftirlit með leyfishöfum er unnið í nánú samstarfi við tollgæslu, skattstjóra, lögregluembættin, ríkisskattstjóra, Hagstofu Íslands og ríkisbókhald.

Samtals voru 125 starfsleyfi í gildi hinn 31. desember 2002. Átta fyrirtæki hættu verslun með áfengi á árinu.

Tafla 6. Fjöldi gildra starfsleyfa er falla undir áfengislög við lok árs 2002

	Gild leyfi	Þar af veitt á árinu
Framleiðsluleyfi	5	1
Innflutningsleyfi	79	25
Leyfi til að kaupa og nota etanol og spiritus fortis vegna iðnaðar	41	15
Alls	125	41 ¹⁾

1) Þar af 9 vegna endurnýjunar eldri leyfa

Vopnalög

Í landinu öllu eru 54 fyrirtæki með starfsleyfi til að versla með skotvopn og skotfæri. Aðeins hluti þeirra, eða 11 fyrirtæki, stóðu að innflutningi á þessum vörum á árinu. Þá hafa einstaklingar rétt til að flytja inn skotvopn og skotfæri til eigin nota, uppfylli þeir skilyrði og hafi greitt fyrir innflutningsleyfi.

Eins og sjá má í töflu 12 í viðauka voru 540 leyfi, eða heimildir til leyfisveitinga á grundvelli vopnalaga, gefin út árið 2002. Þetta er aukning frá árinu á undan er 518 sambærileg leyfi og heimildir voru gefin út.

Nokkur fækkun varð í fjölda á haglabýssum sem fluttar voru til landsins á síðasta ári (sjá töflu 13 í viðauka). Þannig voru 1.148 haglabýssur fluttar til Íslands árið 2001 en 561 árið 2002.



Tækja- og búnaðarmál

Ökutæki

Á árinu voru keyptar sex Volvobifreiðar af gerðinni S80 með díselvél. Bifreiðarnar voru teknar í notkun í tengslum við NATO-fundinn en að honum loknum voru þær afhentar lögregluembættunum í Reykjavík, Hafnarfirði, Keflavík, Selfossi og Blönduósi. Reynsla af þessum bifreiðum bendir eindregið til þess að díselvélar spari umtalsverða fjármuni í rekstri. Af þeirri ástæðu er ljóst að við kaup bifreiða á árinu 2003 verður sérstaklega litið til bifreiða með díselvél.

Á árinu voru keypt þrjú bifhjól af gerðinni Harley Davidsson Dyna Defender. Nú rekur lögreglan því sex bifhjól af árgerðum 2001 og 2002, fimm af gerðinni Harley Davidsson og eitt af Yamaha-gerð.

Ríkislögreglustjórinn skipaði í nóvember starfshóp til að hafa eftirlit með bifreiðum og tækjabúnaði lögreglunnar. Skipun hans er í tengslum við niðurstöður vinnuhóps sem starfaði á árinu 2001 og skoðaði meðferð á tækjabúnaði lögreglunnar. Þar var meðal annars lagt til að haldið verði uppi skilvirku eftirliti með tækjabúnaði lögreglunnar í því skyni að draga úr tjónakostnaði og auka nýtingu fjármuna.

Ferilvöktun

Nánast öll ökutæki lögreglunnar í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík, á Keflavíkurflugvelli og Selfossi hafa nú verið búin ferilvöktunarbúnaði. Hann gefur sjálfvirktt upp staðsetningu bifreiðanna ásamt fleiri upplýsingum sem nýtast við löggæsluna. Reynslan bendir til þess að búnaðurinn stuðli að betra skipulagi, yfirsýn og nýtingu tækja og mannafla lögregluliðanna eins og stefnt var að. Þá stýttist viðbragðstími lögreglunnar og þannig eykst öryggi borgaranna.

Annar tækjabúnaður

Unnið hefur verið að endurskoðun á framkvæmd hraðamælinga með ratsjá, m.a. með umfangsmikilli athugun á núverandi búnaði lögreglunnar og nýjungum á þessu sviði. Einnig hafa starfsaðferðir verið skoðaðar í ljósi tilmæla ríkissaksóknara. Í september setti ríkislögreglustjórinn reglur um framkvæmd hraðamælinga í nánú samráði við ríkissaksóknara. Með því hafa starfsaðferðir lögreglunnar við hraðamælingar með ratsjá verið samræmdar.

Eftir athugun á nýjungum í tækjabúnaði til hraðamælinga voru keyptar ratsjár frá bandaríska fyrirtækinu Kustom af gerðinni Golden Eagle, þær fullkomnustu sem nú er völ á. Meðal annars gefa þessar ratsjár möguleika á að tengjast myndbandsupptökuvél sem sýnir akstursleið þeirra sem lögreglan hefur afskipti af auk hraða mældrar bifreiðar, dagsetningu og annað sem máli skiptir, þar á meðal upptöku á samskiptum lögreglu við þann sem grunaður er um umferðarlaga-brot. Verið er að prófa eitt slíkt tæki af gerðinni Kustom Eyewitness hjá umferðardeild ríkislögreglustjórans en þess er vænst að slíkum tækjum fjölgi á næstu árum.

Tekinn hefur verið til prófunar svokölluð radarbyssa, af gerðinni Kustom Pro Laser III, sem byggir á stafrænum stöðlum. Tæki þetta gefur sérstaka möguleika á að mæla einstaka bifreið í mikilli umferð.

Nýjungar sem hér er sagt frá kölluðu á sérstakan undirbúning af hálfu ríkislögreglustjórans og samstarf við Lögregluskólann um kennslu. Fenginn var til landsins sérhæfður kennari frá Institute of Police Technology and Management University í Flórída, í Bandaríkjunum til að kenna lögreglumönnum að nota tækin. Lögreglumenn frá sex embættum sóttu þessa kennslu auk kennara Lögregluskólans og tæknimanns á vegum ríkislögreglustjórans. Þeim er síðan ætlað að kenna öðrum lögreglumönnum að nota búnaðinn.

Einkennisfatnaður

Unnið er að breytingum á skipan mála varðandi einkennisfatnað. Í byrjun árs gaf dómismálaráðherra út reglugerð um starfsstig innan lögreglunnar, samræmingu starfsstigseinkenna og notkun þeirra. Samningar voru gerðir um kaup á einkennisfatnaði og er meginhluti fatnaðar nú keyptur hjá 66°N– Sjóklæðagerðinni.

Fjarskiptamiðstöð (FML)

Starfsemi FML hefur verið með svipuðum hætti síðustu ár. Komið hefur í ljós að ferilvöktunarkerfið er undirstaða skilvirkrar löggæslu. Embættin geta nú hvert og eitt fylgst með gangi mála með tækjabúnaði á viðkomandi lögreglustöð.

Embætti utan núverandi Tetra-svæðis hafa í auknum mæli leitað upplýsinga og aðstoðar hjá FML, einkum í málum sem hafa verið erfið úrlausnar sökum mannfæðar og þegar atburðir verða að nóttu til. Hefur þetta orðið til þess að samvinna hefur aukist á milli FML og hinna ýmsu lögregluembætti.

Á árinu var tvisvar skipulögð sérstök aðgerðastjórnstöð inni á FML. Annars vegar vegna NATO-fundarins og hins vegar vegna heimsóknar forseta Kína. Tetra-fjarskiptabúnaður á FML og ferilvöktunarbúnaður reyndust sérstaklega vel til þess að hafa yfirsýn og tryggja fjarskiptasamband við allan þann fjölda lögreglumanna sem var við störf. Þá var sérstök hreyfanleg myndavél keypt og



sett upp á Hótel Sögu til þess að fylgjast með því sem fram fór á fundarsvæðinu frá aðgerðastjórnstöð á FML.

Tvær hugbúnaðaruppfærslur hafa verið framkvæmdar á miðkerfi Tetra á árinu. Gengu þær vel en nú þarf ekki lengur að uppfæra notendabúnað, jafnhliða miðkerfinu. Auðveldar þetta uppfærslur kerfisins til muna.

Framkvæmdir við nýbyggingu FML gengu samkvæmt áætlun á árinu og er ljóst að afhendingartími verður um miðjan janúar 2003. Seinni hluta ársins fór mikill tími í undirbúning og skipulagningu væntanlegs flutnings stöðvarinnar í nýtt húsnæði.





SVIÐ 3

Starfsmannamál

Í ársskýrslu ríkislögreglustjórans fyrir árið 2001 kemur m.a. fram að 72 starfsmenn voru hjá embættinu það ár; fimm lögfræðingar, 57 lögreglumenn og 10 skrifstofumenn/sérfræðingar. Fastar stöður lögreglumanna við embættið á þessum tíma voru 55, en talin var með tímabundin staða vegna formennsku í PTN-verkefninu sem var lögð niður á árinu 2002 og einnig var talin með afleysingastaða í umferðardeild ríkislögreglustjórans.

Árið 2002 var bætt við tveimur stöðugildum lögreglufulltrúa í efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans og einni stöðu löglærðs fulltrúa. Stöðugildi voru því 74 árið 2002.

Við upphaf árs 2002 voru 678 lögreglumenn starfandi í landinu en stöðugildum lögreglumanna fjölgaði um 18 á árinu. Um er að ræða tvær stöður í efnahagsbrotadeild eins og áður segir, tvær stöður lögreglumanna í Reykjavík, eina stöðu lögreglumanns á Höfn, 11 stöður lögreglumanna á Keflavíkurflugvelli og eina stöðu lögreglumanns í Kópavogi. Jafnframt er um að ræða eina tímabundna stöðu í Lögregluskóla ríkisins.

Að öðru leyti er vísað á efni um starfsmannamál í viðauka 1.

Tölvumál

Allt árið 2002 fór fram greiningarvinna vegna nýs lögreglukerfis, sem kemur til með að leysa af hólmi gömul og úr sér gengin kerfi. Í september var auglýst forval á evrópska efnahagssvæðinu vegna útboðs í nýja kerfið og lýstu alls 13 hugbúnaðarfyrirtæki yfir áhuga á að bjóða í verkið og skiluðu inn forvalsgögnum. Úr þeim hópi voru valin fjögur fyrirtæki sem gefinn var kostur á að bjóða í verkið. Þrjú þeirra skiluðu inn tilboðum í árslok, en það voru Hugur hf., Skýrr hf. og TölvuMyndir hf.

Vegna fyrirhugaðs lögreglukerfis var dregið úr þróun og endurbótum á eldri kerfum, eins og kostur var.


Sektarkerfið

Árið 2002 var fimmta árið sem sektarkerfið hefur verið í notkun. Alls voru 42.194 sektarboð send út sem er 10,5% aukning frá árinu 2001. Sektarboðum hefur fjölgað stöðugt undanfarin ár, eða um 26% frá 1998. Sektargerðum fækkaði hins vegar árið 2002 og voru alls 2.845 á móti 3.138 árið 2001.

Komin er nokkur festa á innheimtu sektarboða. Þegar á heildina er litið eru um 63% allra sektarboða að jafnaði greidd áður en frestur til að greiða með


25% afslætti rennur út en 19,5% eru greidd eftir að afsláttarfrestur rennur út. Rúm 15% sektarboða eru send til áritunar hjá héraðsdómara, tæp 2% fara í ákærumeðferð og um 0,5% dregst af ýmsum sökum að afgreiða, svo sem vegna þess að frekari rannsóknar er þörf eða vegna þess að sá grunaði er fluttur af landi brott.

Á árinu 2002 fengu alls 14.977 ökumenn staðfesta umferðarpunkta, 11.600 karlmenn og 3.377 konur. Langflestir voru á aldursbilinu 17 til 25 ára. Á mynd 3 sést aldursdreifing þeirra sem fengu staðfesta umferðarpunkta, greint eftir kyni. Sjá má að dreifingin eftir aldri er mjög svipuð meðal karla og kvenna.



Mynd 3. Aldur þeirra sem fengu staðfesta umferðarpunkta árið 2002, greint eftir kyni

Árið 2002 voru 148 einstaklingar sviptir ökuréttindum á grundvelli punktafjölda. Um er að ræða nokkra fjölgun frá árinu á undan er 89 einstaklingar voru sviptir af sömu ástæðu. Af þeim sem voru sviptir ökuréttindum voru karlar í miklum meirihluta eða rúmlega 95%. Þá voru flestir á aldrinum 17 til 25 ára eða 70% sem er svipuð dreifing og fyrri ár (sjá mynd 4).




Mynd 4. Fjöldi sviptra á grundvelli punktafjölda frá 1998 til 2002, greint eftir aldri

Fundur, fræðslu- og vinnuferðir

Árlegur fundur tölvudeilda lögreglu á Norðurlöndum var haldinn á Íslandi á síðasta ári, í boði sviðs 3. Fundurinn stóð yfir í 2 daga um miðjan september og þótti afar vel heppnaður. Fyrri daginn var fundað á Radisson Hótel Ísland en síðari daginn var fundinum fram haldið á Hótel Geysi í Haukadal. Sú ráðstöfun var einkar vel heppnuð, veðrið lék við fundargesti. Þótti erlendu gestunum undarlegt að fá sér göngutúr í hádeginu meðal hveranna við Geysi í 20 stiga hita og logni á þessum árstíma. Á fundinum kom skýrt fram að Norðurlöndin eru hvert í sínu lagi að fást við svipuð verkefni og vandamál og fundarmenn lýstu einlægum áhuga sínum á auknu samstarfi sín á milli.

Tveir fulltrúar frá sviðinu sóttu tveggja daga námskeið í Noregi vegna EURODAC-samskiptakerfisins fyrir fingraför hælisleitenda. Þá heimsóttu tveir fulltrúar frá sviðinu, ásamt einum fulltrúa frá lögreglustjóranum í Reykjavík, ríkislögreglustjóranum í Danmörku. Þar kynntu þeir sér tölvukerfi sem heldur utan um starfsmannamál og stýringu þeirra, auk þess að skoða notkun á málaskrá lögreglunnar. Þá skoðuðu þeir nánar gagnagrunn fyrir óformlegar upplýsingar.

Fulltrúi frá sviðinu sótti fund um jafnrétti kynjanna, sem haldinn var í lok maí í Kaupmannahöfn og tveir fulltrúar frá sviðinu sóttu fund um aðbúnað á starfstöðvum lögreglu, sem haldinn var í Stokkhólmi í desember. Þá fór fulltrúi frá sviðinu í kynnisferð til ríkislögreglustjórans í Danmörku, ásamt fulltrúum frá sviðum 4 og 5, til að kynna tölvubúnaði sem þar er notaður til að halda utan um og vinna með óformlegar upplýsingar sem lögreglunni berast.





SVIÐ 4

Almenn viðfangsefni

Nokkrar breytingar voru gerðar á starfsemi sviðsins á árinu. Að hluta leiddi það af breytingu á skipuriti embættisins haustið 2001 en einnig vegna endurskipulagningar á innri málefnum sviðsins og nýrra viðfangsefna. Nokkur helstu áhersluatriði voru uppbygging samræmds forvarnastarfs lögreglu, afbrotatölfræði, afbrotatræðilegar rannsóknir, útgáfustarfsemi og málefni er tengjast innra eftirliti.

Fyrirspurnir, erlendar sem innlendar, aðallega er varða afbrot og afbrotatölfræði, hafa verið vaxandi þáttur í starfsemi sviðsins. Þá hafa lögregluembætti í vaxandi mæli leitað eftir sérstökum tölfræðisamantektum, m.a. til stefnumótunar og forvarnastarfs. Undirbúningur fyrir Eurodac-fingrafarabanka vegna hælisleitenda var umfangsmikill hjá tæknirannsóknastofu og ný tækni, sem tekin var upp hjá stofunni við samkenningu fingrafara, skilaði verulegum árangri. Þá lauk tæknirannsóknastofa gerð tveggja handbóka fyrir starfsmenn lögreglu.

Snemma á árinu skipaði ríkislögreglustjóri nefnd undir forystu yfirlögregluþjóns sviðs 4 til að vinna að undirbúningi að 200 ára afmæli hinnar einkennisklæddu lögreglu sem haldið verður árið 2003. Auk fulltrúa embættis ríkislögreglustjóra eru í nefndinni fulltrúar lögreglunnar í Reykjavík, Landssambands lögreglunnar og Lögreglufélags Reykjavíkur. Nefndin vann mikið starf við gerð minnispenings, minjagripa, ágrips af sögu lögreglunnar og fleira.



Lögregluþjónn á göngu suður Pósthússtræti í byrjun 20. aldar.
Ljósmynd: Magnús Ólafsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Í júlímánuði barst embættinu erindi frá foreldrum ungs drengs sem fannst látinn við árbakka í Hollandi, en fjölskylda hans hafði búið þar í nokkur ár. Foreldrum þótti rannsókn lögreglu ytra vera áfátt í mörgum atriðum, réttarkrufning ófullnægjandi og dánarorsök ókunn. Erindi foreldranna var tekið fyrir hjá embættinu og var gögnum sem aflað var hér á landi, ásamt athugasemdum foreldranna, komið á framfæri við hollensk yfirvöld. Mál þetta reyndist erfitt viðfangs og því lauk ekki á árinu.

Í töflu 7 sjást þau viðfangsefni sem starfsmenn sviðsins, utan tæknirannsóknastofu, sinntu árið 2002 samanborið við árið á undan. Sjá má að verkefnum fjölgaði nokkuð á árinu, einkum þeim er snúa að upplýsingagjöf og forvörnum.

Tafla 7. Viðfangsefni 2001 og 2002, að tæknirannsóknastofu frátalinni

	2002	2001
Aðstoð og beiðnir ýmiss konar	38	56
Aðstoð við rannsókn mála	3	46
Fyrirspurnir og upplýsingamiðlun	68	52
Fíkniefnamálefni, önnur en rannsókn	35	66
Forvarnir	18	
Sóttar ráðstefnur og fundir	16	15
Fyrirmæli og leiðbeiningar	10	3
Skýrslur, úttektir og tölfraði	77	21
Ýmislegt annað, ótilgreint ¹⁾	47	25
Samtals	312	284

1) Vegna breytinga í skráningu voru upplýsingar um fjölda vinnuhópa árið 2001 felldar hér undir.

Fíkniefnastofa

Starfsemi fíkniefnastofu var með hefðbundnum hætti, en áhersla var sem fyrr á bættan tækjabúnað í fíkniefnamálum og samstarf lögregluliðanna. Haustið 2002 var hugað að því hvernig lögreglan gæti náð meiri árangri í fíkniefnamálum, í ljósi þeirrar reynslu sem áunnist hefur í málaflokknum á síðustu árum og aukinna úrræða, sem skapast hafa. Var ákveðið að veita lögreglustjórunum frekari stuðning með samræmdu og markvissu forvarnarstarfi lögreglu og sérstökum og viðvarandi aðgerðum á árinu 2003. Markmiðið er m.a. að auka afskipti lögreglu af neytendum og sölumönnum fíkniefna og brotum er tengjast þeim,

bæta yfirsýn lögreglu í málaflokknum og leita nýrra leiða til að draga úr framboði og eftirspurn fíkniefna.

Forvarnir

Tekið hefur verið upp samstarf við ýmsar stofnanir og einstaklinga á sviði forvarna, m.a. með þátttöku í vinnuhópum.

Mikil vinna fór í undirbúning á forvarna- og fræðslumöppu fyrir lögreglumenn, sem fulltrúi embættisins stýrði og unnin var samkvæmt samstarfssamningi við Námsgagnastofnun. Um er að ræða samræmt fræðsluefni sem lögreglumenn á landinu öllu geta nýtt til fræðslu í skólum og fyrir foreldra. Starfsmaður ríkislögreglustjórans fór til Noregs og kynnti sér hvernig þeir standa að afbrotaförvörnum og notkun fræðsluefnis fyrir lögreglumenn, en efni íslensku möppunnar er að hluta til byggt á því efni. Í vinnuhópi ríkislögreglustjórans voru lögreglumenn frá Reykjavík, Hafnarfirði og Ísafirði, auk þess sem samráð var haft við fjölmarga sem tengjast þessu viðfangsefni. Þar má nefna Lögregluskóla ríkisins, sem sinna mun fyrirhuguðum námskeiðum um forvarnir í tengslum við útgáfu þessa nýja efnis.

Menntunar- og fræðslumál

Ríkislögreglustjóri er formaður skólanefndar, en svið 4 hefur umsjón með tengslum við skólann ásamt sviði 3. Yfirlögregluþjónn sviðsins er í vinnuhópi, sem yfirlögregluþjónn framhaldsdeildar Lögregluskólans stýrir og varðar nám fyrir stjórnendur lögreglu.

Innra eftirlit

Eitt viðamesta viðfangsefni sviðsins, sem tengja má innra eftirliti, var aðstoð við dómsmálaráðuneytið vegna fyrirspurnar á Alþingi um stöðu og þróun lögreglunnar á Íslandi. Í samvinnu við lögregluliðin og ýmsa aðra voru teknar saman margvíslegar upplýsingar fyrir ráðuneytið. Skýrsla dómsmálaráðherra í þessum efnum var síðan lögð fyrir Alþingi vorið 2002.

Síðla sumars varð nokkur umræða í fjölmiðlum og á Alþingi um löggæslumálin, sem embætti ríkislögreglustjóra taldi gefa ranga mynd af stöðunni og vera til þess fallna að skaða lögregluna. Var brugðist við þessu af hálfu embættisins á opinberum vettvangi með því að koma leiðréttingum á framfæri.

Falskar játningar

Ríkislögreglustjóri ákvað að láta gera athugun á atriðum er snúa að þjónustu lögreglunnar, verklagi við yfirheyrslur, ofbeldi í fíkniefnaheiminum, fjármögnun neyslu o.fl. Ráðinn var sérfræðingur með BA-gráðu í sálfræði til að gera



athugun á þessu í samstarfi við Nýsköpunarsjóð. Var spurningalisti lagður fyrir grunaða, vitni og kærendur sem mættu hjá lögreglu. Lögregluembættin sem tóku þátt í verkefninu voru Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður og Akureyri. Alls svöruðu 93 spurningalistunum, þar af 47 grunaðir.

Í niðurstöðum kom m.a. fram að 65,2% játuðu á sig það afbrot sem þeir voru grunaðir um og helsta ástæða fyrir játningunni var að þeir töldu lögregluna hafa sannanir gegn sér. Alls sögðust 19,6% grunaðra, sem að stórum hluta voru síbrotamenn, hafa einhvern tímann við yfirheyrslu hjá lögreglu játað á sig afbrot sem þeir höfðu ekki framið. Helstu ástæður fyrir falskri játningu voru að verið var að hylma yfir með öðrum, viðkomandi vildi losna sem fyrst af lögreglustöðinni eða ástæðan var rakin til fráhvarfseinkenna. Þá kom í ljós að fíkniefnaneysla grunaðra var mjög ólík neyslu vitna og kærenda að því leyti að þeir virtust vera í mun harðari og alvarlegri neyslu.

Grunaðir höfðu einnig frekar beitt eða verið beittir ofbeldi vegna fíkniefna en vitni og kærendur. Þeir sem lent höfðu í ofbeldi tengdu fíkniefnum töldu helstu ástæður fyrir því vera peningaskuld, hefnd og tilviljun. Helstu ástæður

sem grunaðir gáfu fyrir því að beita ofbeldi fólust að sama skapi í innheimtu skuldar, vörn og hefnd. Athyglisvert er að um það bil 45% allra þátttakenda sögðust þekkja einhvern sem hefði orðið fyrir ofbeldi vegna fíkniefna og var þá lítill munur á grunuðum, kærendum og vitnum. Má því álykta að ofbeldi tengt fíkniefnum sé mjög algengt og að það tengist á einhvern hátt mjög mörgum.

Ofbeldi gagnvart lögreglu

Gerð var úttekt á ofbeldisbrotum gagnvart lögreglumönnum sem upp komu á árinu 2001. Markmiðið var að fá sem gleggstar upplýsingar um aðdraganda atvika, skráningu mála, meðferð þeirra og úrbætur sem væru til þess fallnar að draga úr slíkum tilvikum. Var kallað eftir gögnum frá lögregluembættunum, jafnframt því að afla endurrits dóma sem fallið höfðu í málunum. Niðurstaða úttektarinnar sýndi að nauðsynlegt er að samræma betur feril og afgreiðslu þessara mála. Var ábendingum í þessa veru komið á framfæri við ríkissaksóknara, lögreglustjórana og skólastjóra Lögregluskóla ríkisins, auk þess sem úttektin var kynnt dómismálaráðherra.

Afbrotatölfræði

Á undanförunum árum hefur embættið aukið úrvinnslu og útgáfu tölfræðiupplýsinga um afbrot sem tilkynnt eru lögreglu hér á landi. Afbrotatölfræðin er gefin út í sérstöku riti, í stað þess að vera hluti af ársskýrslu embættisins. Markmiðið með þessu er m.a. að efla þátt tölfræðinnar til að ná betri heildarsýn á stöðu og þróun afbrota.

Í þessu sambandi var ráðinn félagsfræðingur til embættisins. Hann hefur með höndum fræðilegar rannsóknir er snúa að stöðu og þróun afbrota og störfum lögreglu. Enn fremur að sjá um undirbúning að útgáfustarfsemi, vera ráðgefandi um tölfræðisamantektir o.fl.

Ritstjórn efnis á heimasíðu ríkislögreglustjórans

Seinni hluta árs varð sú breyting á ritstjórn efnis á heimasíðu ríkislögreglustjórans að hún var færð undir sviðið. Var töluverð vinna lögð í að auka efni á heimasíðunni og gera það aðgengilegra.

Tæknirannsóknastofa

Árið 2002 fjölgaði viðfangsefnum tæknirannsóknastofu um 26% frá árinu á undan. Eins og sjá má í töflu 8 fólst aukningin einna helst í aðstoð vegna fingrafararannsókna. Á árinu var einnig unnið að prófunum á svonefndu Eurodac-kerfi sem lauk í desember 2002.

Tafla 8. Viðfangsefni tæknirannsóknastofu 2001 og 2002

	2002	2001
Aðstoð vegna brunarannsókna	8	5
Aðstoð vegna fingrafararannsókna	345	231
Aðstoð við rannsókn á kynferðismálum eða öðrum árásmálum	1	4
Aðstoð við rannsókn á manndrápsmálum	3	3
Aðstoð við leit í myndasafni, sakbendingu, myndbendingu	8	7
Aðstoð vegna samanburðarrannsókna	18	25
Aðstoð við rannsókn á skjölum	35	33
Ýmislegt annað	71	49
Samtals	489	357

Rafræn fingrafaraskrá brotamanna

Unnið var að skráningu fingrafara í rafræna fingrafaraskrá ríkislögreglustjórans. Embættinu bárust 224 fingraför sem fundust á vettvangi og upplýstust 35 mál með AFIX-Tracker leitartækinu.

Handbækur

Gefnar voru út tvær handbækur fyrir starfsmenn lögreglu. Önnur er leiðarvísir til notkunar við eldsupptakarannsóknir sem samin var af norrænum vinnuhópi, skipuðum fulltrúum frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Hvert þessara landa gefur handbókina út sérstaklega, með það fyrir augum að laga hana að aðstæðum í viðkomandi landi. Aðalatriði handbókarinnar eru þó samhljóma fyrir öll löndin.

Hin handbókin er um tæknilegar rannsóknir á vettvangi afbrota og er þýdd og staðfærð með leyfi prófessors Ingvars Koppk, hjá Statens Kriminaltekniska Laboratoriet (SKL) í Svíþjóð. Markmið handbókarinnar er að veita upplýsingar um störf á vettvangi afbrota og bruna.

ID-nefndin

ID-nefnd (rannsóknarnefnd sem hefur það hlutverk að bera kennsl á látna menn) heyrir stjórnslulega undir ríkislögreglustjóranum og starfar samkvæmt reglugerð nr. 401 frá 27. júní 1997. Á árinu setti ríkislögreglustjóri ítarlegar vinnureglur fyrir nefndarmenn. Skipunartími nefndarinnar rann út á árinu og skipaði dómsmálaráðherra nýja nefnd í júní til þriggja ára, að fengnum tillögum ríkislögreglustjóra, réttarlæknadeildar, læknaráðs og tannlæknadeildar Háskóla Íslands.

Störf nefndarinnar voru með hefðbundnu sniði á árinu. Fjögur mál bárust frá lögreglustjórum og er rannsókn þeirra lokið. Í tveimur tilfellum reyndist vera um leifar af dýrum að ræða, sem oft getur villt mönnum sýn við fyrstu athugun.

Samstarf ID-nefnda Norðurlandanna er í föstum skorðum. Árlegur fundur í þessum hópi var haldinn í Danmörku þar sem rannsókn á flugslysi í Mílanó á Ítalíu var meðal efnis. Af hálfu nefndarinnar var einnig sóttur fundur sem Interpol, alþjóðasamband sakamálaögreglu, efndi til í Lyon í Frakklandi og sóttur var af fulltrúum þjóða sem hafa á að skipa þessum nefndum. Fundurinn var sá 14. í röð funda fastanefndar aðildarþjóða Interpol sem komið hefur saman á þessum vettvangi í jafnmörg ár. Fulltrúar Íslands hafa ekki sótt þessa fundi áður.

Hryðjuverkin í Bandaríkjunum 11. september settu svip sinn á dagskrá fundarins og hvernig samstarfi þjóða var háttað þegar kom að því að bera kennsl á þá fjölmörgu útlendinga sem fórust. Fleiri mál voru til umræðu þar sem stórslys urðu og útlendingar á meðal þeirra sem fórust. Það varð niðurstaða fundarins að þjálft samstarf þjóða sé mikilvægt þegar slys verða og margir farast af ýmsu þjóðerni. Interpol gegnir þýðingarmiklu hlutverki við þessar aðstæður og getur tengt saman ID-nefndir þjóða sem hlut eiga að máli.





SVIÐ 5

Almennt

Starfsemi sem fram fer á sviði 5 er margþætt. Fyrst og fremst er um að ræða rannsókn og saksókn efnahagsbrota sem er meginviðfangsefni starfsmanna sviðsins. Starfsmenn sviðsins sinna einnig alþjóðlegu samstarfi í tengslum við efnahagsbrot auk fræðslu fyrir lögreglu. Önnur viðfangsefni á sviðinu felast m.a. í úrvinnslu tilkynninga vegna ætlaðs peningabættis, rannsóknaraðstoð við lögregluembættin í landinu, rannsóknum á skipulagðri glæpastarfsemi og rannsóknum á brotum gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum.

Undanfarin tvö ár hafa verið gerðar breytingar á skipan mála og málaflokka hjá embætti ríkislögreglustjórans með það að markmiði að auka skilvirkni og nýta mannskap og þekkingu sem best. Vegna þessara breytinga auk vaxandi verkefnapunga í deildinni voru tveir nýir starfsmenn ráðnir undir árslok 2002.

Rannsókn og saksókn efnahagsbrota og alvarlegra fjármunabrota

Mál sem eru til meðferðar hjá deildinni á hverjum tíma varða í heildina svipaða brotaflokk ári frá ári, þ.e. skattalagabrot, tollsvik, brot á lögum um stjórn fiskveiða, veðbréfa- og lánsviðskipti og brot almennt sem varða háttsemi í hagnaðarskyni sem fer fram kerfisbundið og reglulega í annars lögmætri atvinnustarfsemi lögaðila eða einstaklinga.

Mörg viðfangsefni sviðsins hafa vakið athygli og verið til umfjöllunar hjá fjölmiðlum. Athyglin beinist þá einkum að málum þar sem um er að ræða brot á sviðum atvinnulífs sem ekki hafa áður verið til meðferðar hjá lögreglu eða vegna umfangs mála. Eitt af þeim málum sem vöktu sérstaka athygli á síðasta ári var kennt við Árna Johnsen, alþingismaðmann og fv. formann byggingarnefndar Þjóðleikhússins, en rannsókn í því máli lauk snemma árs 2002. Ákæra í því var gefin út vorið 2002 og gekk dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í byrjun sumars. Sérstaða þessa máls er að brotamaður var alþingismaður sem grunaður var um langvarandi og kerfisbundna misnotkun á aðstöðu sinni, sjálfum sér til auðgunar. Við lok rannsóknar málsins þótti í ljós leitt að ákærði hefði látið byggingarnefnd Þjóðleikhússins greiða fyrir ýmsan varning sem hann notaði í eigin þágu. Sérstaða málsins fólst einnig í því að ákærði krafðist og þáði greiðslur fyrir að samþykka verk og láta hið opinbera greiða fyrir þau. Fyrir þessar sakir hlaut ákærði

dóm í Héraðsdómi Reykjavíkur sem var 15 mánaða óskilorðsbundið fangelsi. Á Íslandi eru ekki mörg dæmi þess að opinberir starfsmenn séu grunaðir um mútubægni. Þess má reyndar geta að á hinum Norðurlöndunum eru ekki heldur mörg dæmi þess að opinberir starfsmenn hafi orðið uppvísir að því að þiggja mútur í tengslum við störf sín í þágu hins opinbera.

Í lok árs lauk rannsókn hins svokallaða „málverkafölsunarmáls“. Það er ein umfangsmesta og dýrasta lögreglurannsókn sem íslensk lögregluyfirvöld hafa staðið að. Hjá lögreglu hafa verið rannsökuð u.þ.b. 180 myndverk sem seld hafa verið og sögð verk eftir marga af eldri myndlistarmönnum þjóðarinnar sem nú eru láttnir. Að rannsókn hafa komið u.þ.b. 10 lögreglumenn og lögfræðingar hjá efnahagsbrotadeildinni en auk þess hafa 10 sérfræðingar utan lögreglu unnið að rannsókn þess í þágu lögreglu. Heildarkostnaður við rannsóknina liggur nálægt 50 milljónum króna. Þessu máli verður væntanlega komið fyrir dómstóla með ákæru í byrjun árs 2003.

Þetta er stærsta málverkafölsunarmál sem komið hefur upp í Evrópu, að talið er, miðað við fjölda myndverka og fjölda listamanna sem skráðir eru fyrir verkunum.

Í haust hófst rannsókn í máli lögfræðings sem var eigandi og framkvæmdastjóri fasteignasöluunar Holts hf., og grunaður var um stórfelldan fjárdrátt, skjalafals og fjársvik í rekstri fasteignasöluunar. Strax í upphafi rannsóknar viðurkenndi sakborningurinn að hafa dregið sér 80.000.000 krónur frá viðskiptavinum fasteignasöluunar. Þrátt fyrir að rannsókn efnahagsbrotadeildarinnar sé ekki lokið þykir rannsóknin hafa leitt í ljós að auðgunarbrot fasteignasalans nemi a.m.k. 130.000.000 krónur.

Í lok sumars hóf efnahagsbrotadeildin rannsókn á hendur nokkrum af æðstu stjórnendum Baugs Group hf., vegna grunsemda um brot þeirra gegn félaginu sem talin eru varða við ákvæði almennra hegningarlaga, laga um bókhald og laga um hlutafélög. Aflað var heimildar til húsleitar í fyrirtækjum Baugs Group hf. á Íslandi og í Færeyjum. Rannsókn málsins stendur enn yfir.

Rannsóknaraðstoð við lögreglustjóraembættin

Sviðið veitir lögreglustjórunum í landinu aðstoð við rannsókn mála hjá þeim. Talsvert er um að lögreglustjórnir óski aðstoðar vegna rannsókna sem þeir stýra hjá embættum sínum. Á síðastliðnu ári hefur aðstoð við rannsókn oft verið fólgin í því að sjá um yfirheyrslur eða aðstoða við þær. Oftast hefur þó aðstoð verið fólgin í því að rannsaka tölvur og afla og tryggja sönnunargögn eða sönnur um atvik sem finna má í tölvum eða vegna samskipta með tölvum.



Rannsóknarastöð tengd dreifingu barnakláms á Internetinu

Á árinu 2002 bárust embætti ríkislögreglustjóra um 100 tilkynningar frá einstaklingum og samtökum um vistun og eða dreifingu barnakláms á Internetinu. Mikill meirihluti þessara tilkynninga varðar ætluð brot sem framin hafa verið erlendis og í þeim tilvikum hefur embætti ríkislögreglustjóra framsent tilkynningarnar til erlendra lögregluvalda til frekari meðferðar. Slíkar framsendingar á síðasta ári náðu til flestra heimshorna. Tilkynningar sem varða ætluð brot framin hér á landi eru að undangenginni frumrannsókn embættis ríkislögreglustjóra og ef ástæða er til framsendar hlutaðeigandi lögreglustjóra til frekari meðferðar. Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans veitir eftir atvikum frekari aðstoð við rannsóknir þessara mála sé þess óskað.

Ríkislögreglustjórinn hefur á árinu átt góð samskipti við félagasamtökin Barnaheill sem mjög hafa látið sig varða þetta alþjóðlega vandamál.



Verkefni sem tengjast baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi

Upplýsingar bárust embætti ríkislögreglustjóra frá danska ríkislögreglustjóranum þess efnis að þann 31. janúar 2002 kæmi stór hópur manna, sem tilheyrði Hells Angels í Danmörku, með flugi til Íslands. Einnig var þess getið að íslenski mótörhjólaklúbburinn Fafner MC Iceland hefði sótt um inngöngu í þessi samtök. Í ljósi þessa var ákveðið að halda fund með þeim lögregluyfirvöldum sem málið varðaði til þess að miðla ofangreindum upplýsingum og skipuleggja aðgerðir.

Eftir fyrrgreindan fund ákvað lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli að taka upp landamæravörslu gagnvart þeim farþegum sem kæmu með tilgreindum vélum Flugleiða. Lögreglustjóranum til aðstoðar voru fengnir hátt í 50 lögreglu-menn frá Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Keflavík og frá ríkislögreglustjóranum.


Eftirlit fólst í því að landamæralögregla ræddi við hvern þann farþega sem talinn var vera félagi í Hells Angels og hann m.a. spurður um sakaferil og hvort hann tilheyrði samtökunum. Eftir skýrslutökur af 19 einstaklingum ákvað lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli að synja 11 einstaklingum um landgöngu á grundvelli 10. gr. laga um eftirlit með útlendingum nr. 45/1965. Var þeim snúið til baka daginn eftir og fóru í lögreglufylgd til þess að tryggja öryggi farþega og áhafnar.

Útlendingastofnun tók síðar ákvörðun um að synja átta einstaklingum til viðbótar um leyfi til landgöngu á grundvelli 5. mgr. 10. gr. sömu laga.

Alþjóðlegt samstarf lögreglu vegna mótorhjólageringa

Ríkislögreglustjórinn annast alþjóðasamskipti á sviði löggæslu, skv. 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Einkum er um að ræða samskipti við Interpol, Europol og aðra ríkislögreglustjóra á Norðurlöndunum. Hjá fyrrgreindum aðilum er náið samstarf vegna mótorhjólageringa og tekur ríkislögreglustjórinn þátt í því. Felst sú samvinna m.a. í að miðla upplýsingum um félagi í alþjóðlegum mótorhjólageringjum, einkum Hells Angels og Bandidos.

Það var í ljósi upplýsinga í gegnum þetta samstarf sem ákveðið var að bregðast hart við heimsókn Hells Angels til Fafner MC Iceland, enda hefur komið skýrt fram að í mörgum löndum hafa þau mistök verið gerð að reyna ekki strax í upphafi að koma í veg fyrir að alþjóðleg mótorhjólageringi nái fótfestu. Reynslan hefur leitt í ljós að oft er búið að stofna t.d. deild hjá Hells Angels, sem hefur leitt til þess að lögreglan þarf að fást við mun fleiri og alvarlegri afbrot en áður.





VIÐAUKI 1


Starfsmannamál

Nú eru lögregluembættin 26 og þar starfa samtals 678 lögreglumenn auk 97 héraðslögreglumanna. Þá voru 48 nemendur í lögregluskólanum við upphaf árs 2002.

Tafla 9. Fjöldi við störf þann 13. 02. 2002 samkvæmt skrá ríkislögreglustjórans

	Yfirlögregluþjónn	Aðst.yfirlögr.þjónn	Aðalv.stj./Lögr.fulltr.	Varðstj./Rannsl.m.	Aðstoðarvarðstjóri	Lögreglumaður	Afleysingamaður	Alls lögreglumenn	Héraðslögreglum.	Lögreglunemi	Alls
Akranes	1		1	3		7		12			12
Akureyri	1	1	1	9	6	13		31	1		32
Blönduós	1			2		2	2	7	5		12
Bolungarvík				1	1			2	3		5
Borgarnes	1			3	1	1	2	8	1		9
Búðardalur				1				1	5		6
Eskifjörður	1		2	3	2	1		9	9		18
Hafnarfjörður	2	2	1	13	6	12	4	40			40
Hólmavík				1	1			2	5		7
Húsavík	1			4	1	3		9	6		15
Hvolsvöllur			1	1		1	1	4	3		7
Höfn				1	1	1		3	6		9
Ísafjörður	1		2	4		6	1	14	5		19
Keflavík	1	2	5	9	4	8	8	37			37
Keflavíkurflugvöllur	1	3	9	9	5	7	18	52			52
Kópavogur	1	2	1	8	5	3	7	27			27
Lögregluskólinn	2		5					7		48	55
Ólafsfjörður				1		1		2	3		5
Patreksfjörður			1	1		1	1	4	7		11
Reykjavík	2	10	26	123	7	102	13	283			283
Ríkislögreglustjórinn	3	10	28	10	3			54			54
Sauðárkrókur	1		1	3		3		8	8		16
Selfoss	1	1	1	9	5	7	2	26			26
Seyðisfjörður				4	2	1	1	8	14		22
Siglufjörður			1	1		2		4	3		7
Snæfellsnes				2	2	2	2	8	9		17
Vestmannaeyjar	1		1	4		5	1	12			12
Vík				2	1	1		4	4		8
	22	31	87	232	53	190	63	678	97	48	823

Þegar lítið er til þróunar yfir lengri tíma má sjá að árið 1985 voru rúmlega 417 íbúar á hvern lögreglumann en árið 1990 var sambærilegur fjöldi 419 íbúar og tæplega 445 árið 1996. Á síðustu árum hefur íbúum á hvern lögreglumann fækkað niður í 417 íbúa árið 2001 og 414 árið 2002.



Mynd 5. Fjöldi íbúa á heimiluð stöðugildi lögreglumanna frá 1985 til 2002

Af þessu má sjá að á síðustu árum hefur stöðugildum hjá lögreglu fjölgað nokkuð eða um 116 frá 1985. Nánari upplýsingar um fjölda stöðuheimilda eftir embættum má sjá í töflu 10.



Tafla 10. Fjöldi heimilaðra stöðugilda lögreglumanna
frá 1985 til 2002 eftir embættum

	1985	1990	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Akranes	12	11	11	11	11	11	11	11	11	11
Akureyri	33	31	31	30	30	31	31	31	31	31
Blönduós	4	5	5	5	5	5	6	6	6	6
Bolungarvík	3	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Borgarnes	5	6	6	6	6	6	7	7	8	8
Búðardalur	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Eskifjörður	6	7	5	5	5	6	6	9	9	9
Hafnarfjörður	41	39	39	37	40	38	38	38	39	39
Hólmavík	1	1	1	1	1	1	2	2	2	2
Húsavík	9	9	9	9	9	9	9	9	9	9
Hvolsvöllur	5	4	4	4	4	4	4	4	4	4
Höfn	4	3	3	3	3	3	3	3	3	4
Ísafjörður	14	12	12	12	12	13	13	13	13	13
Keflavíkurflugvöllur	38	34	33	37	37	34	34	39	39	50 ¹⁾
Keflavík	33	38	39	39	39	38	38	40	40	40
Kópavogur	23	24	24	24	24	25	25	26	26	27
Lögreglusk.	1	6	4	4	4	4	5	5	6	7
Neskaupstaður	2	2	2	2	2	2	2	0 ²⁾	0	0
Ólafsfjörður	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Patreksfjörður	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4
Rannsóknarl. ríkisins	36	41	41	44	44	0	0	0	0	0
Reykjavík	237	264	261	261	261	289	297	288 ³⁾	293	295
Ríkislögreglustjórnin						28	31	57	55	57
Sauðárkrókur	8	7	7	7	7	8	8	8	9	9
Selfoss	22	22	24	26	26	26	26	27	27	27
Seyðisfjörður	3	3	5	5	5	6	6	7	7	7
Siglufjörður	6	6	4	4	4	4	4	4	4	4
Snæfellsnes	9	9	9	9	9	9	9	9	9	9
Vestmannaeyjar	13	11	11	11	11	11	11	11	11	11
Vík	1	1	1	2	2	2	2	3	3	3
Samtals öll embætti	576	605	600	607	610	622	637	666	673	691

1) 1. janúar 2002 tók gildi nýtt skipurit á Keflavíkurflugvelli, stöðugildum fjölgaði í 50.

2) Neskaupstaður sameinaður Eskifirði 2000.


3) 15 stöður fluttar frá LR til RLS vegna fjarskiptamiðstöðvar, 1 vegna bílamiðstöðvar og 7 nýjum stöðum bætt við.

Þó svo íbúafjöldi á lögreglumann sé kominn niður í 414 sést í töflu 11 að mikill munur er á milli embætta hvað þetta varðar. Þannig voru 339 íbúar á hvert heimilað stöðugildi á Ísafirði árið 2002, 356 í Vík og 377 á Siglufirði. Hins vegar voru 780 íbúar á hvert heimilað stöðugildi í Hafnarfirði, 804 á Hvolsvelli og 897 í Kópavogi.

Tafla 11. Fjöldi íbúa á heimiluð stöðugildi árið 2002 eftir embættum

	Fjöldi stöðuh.	Fjöldi íbúa 1. des 2001	Íb. á stöðuheimild
Akranes	11	5.520	502
Akureyri	31	20.254	653
Blönduósi	6	3.410	568
Bolungarvík	2	958	479
Borgarnes	8	3.906	488
Búðardalur	1	747	747
Eskifjörður	9	4.774	530
Hafnarfjörður	39	30.408	780
Hólmavík	2	841	421
Húsavík	9	5.329	592
Hvolsvöllur	4	3.217	804
Höfn	4	2.336	584
Ísafjörður	13	4.405	339
Keflavík	40	16.727	418
Keflavíkurflugvöllur	50		0
Kópavogur	27	24.229	897
Lögregluskóli ríkisins	7		0
Ólafsfjörður	2	1.035	518
Patreksfjörður	4	1.810	453
Reykjavík	295	123.363	418
Ríkislögreglustjórinn	57		
Sauðárkrókur	9	4.392	488
Selfoss	27	12.583	466
Seyðisfjörður	7	4.688	670
Siglufjörður	4	1.508	377
Snæfellsnes	9	4.284	476
Vestmannaeyjar	11	4.458	405
Vík	3	1.068	356
Samtals öll embætti	691	286.250	414

Þegar litið er til meðalfjölda unninna ársverka hjá lögreglu á síðustu árum má sjá að árið 2002 var meðaltalið 729,37 sem er aukning frá árinu á undan er unnin ársverk voru 708,93. Athyglisvert er að bera meðalfjölda unninna ársverka saman eftir mánuðum. Eins og fram kemur á mynd 6 kemur einna mestur munur fram í júlí og fram í nóvember sem getur skýrst af því að á þeim tíma eru greidd laun fyrir afleysingafólk.



Mynd 6. Fjöldi unninna ársverka hjá lögreglu 2001 og 2002, greint eftir mánuðum



VIÐAUKI 2

Tafla 12. Fjöldi veittra leyfa og heimilda á grundvelli vopnalaga 2001 og 2002

Eðli leyfis	2002	2001
Starfsleyfi og endurnýjun á leyfum til að flytja inn og versla með skotvopn og skotfæri	6	12
Starfsleyfi fyrir skotvopnasafni	3	1
Starfsleyfi til að versla með skotelda	1	
Viðurkenning á skotíþróttafélagi	1	
Viðurkenning á litboltafélagi	1	
Innflutnings- og skammtímaskotvopnaleyfi fyrir útlendinga	140	117
Skammtímaleyfi til að flytja skotvopn á milli landa um Ísland	2	9
Skammtímal. til að flytja inn og nota vopn, eftirlíkingar og sprengiefni við kvikmyndagerð	2	
Alþjóðlegt innflutningsleyfi fyrir vopnum og skotfærum til eigin nota	53	63
Alþjóðlegt innflutningsleyfi fyrir vopnum sem safngripi	2	2
Alþjóðlegt innflutningsleyfi fyrir skotvopn og skotfæri til endursölu (einstakar pantanir)	168	156
Útflutningsleyfi fyrir skotvopn tímabundið	68	81
Útflutningsleyfi fyrir skotvopn varanlega	21	10
Útflutningsleyfi fyrir keppnisboga og önnur vopn tímabundið	8	9
Heimild til að gefa leyfi fyrir skammbyssu vegna íþróttaskotfimi	28	20
Heimild til að gefa leyfi fyrir skammbyssu vegna atvinnu	4	9
Heimild til að gefa leyfi fyrir vopnum á vopnasafn	26	17
Heimild til að nýskrá eldri vopn sem ekki fundust á skrá	1	4
Umsókn um innflutning eða að eignast vopn synjað	5	8
Samtals	540	518

Tafla 13. Fjöldi innfluttra vopna og skotfæra 2001 og 2002

Tegund búnaðar	Til endursölu	Til eigin nota	Heild 2002	Heild 2001
Haglabyssur	538	23	561	1.148
Rifflar	294	33	327	290
Skammbyssur	13	3	16	13
Loftbyssur	21	2	23	8
Litmerkibyssur		89	89	26
Örvabogar		2	2	
Sverð		9	9	
Spjótsoddar		3	3	
Axir		4	4	
Skotfæri	1.745.550	3.885	1.749.435	2.367.871



